



## Börn með sérþarfir

Börn með sérþarfir eru þau börn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólastarfinu á einhvern hátt s.s. vegna fötlunar, einhvers konar frávika í þroska, félagslegra og/eða tilfinningalegra erfiðleika eða frávika í málþroska eða framburði. Í þessum tilfellum getur bæði verið um að ræða börn sem eiga við langvarandi erfiðleika að etja og önnur sem með aðstoð geta unnið bug á sínum tímabundnum erfiðleikum.

Í Uglukletti starfar sérkennslustjóri en hlutverk hans er að hafa forgöngu um sérkennslumál skólans og vinnur með sérfræðingum á vegum Borgarbyggðar í samskiptum við foreldra viðkomandi barns. Sérkennslu í Uglukletti er þannig háttað að unnið er eftir þörfum hvers og eins hverju sinni í venjulegu umhverfi barnanna, þ.e. unnið er eftir hugmyndum sem byggja á heiltækri skólastefnu og námi án aðgreiningar. Áhersla er lögð á að markviss íhlutun hefjist strax og grunur vaknar, ekki sé beðið staðfestingar sérfræðinga á t.d. þroskafráviki eða málþroska. Sérkennsla fer að jafnaði fram í barnahópnum, en þegar þörf krefur og í einstaka verkefnum eru þau tekin út úr hópnum þá oftast í litlum hópum 2-3 í senn til að ná skapa rólegra umhverfi, draga úr áreiti og stuðla þannig að betri einbeitingu og úthaldi barnanna. Við notum einstaklingþjálfun í undantekningar tilvikum t.d. í

framburðarþjálfun. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem þurfa á sérkennslu að halda en ef þau þurfa framburðarþjálfun eru einungis gerð markmið fyrir þau. Í einstaklingsnámskránni eru sett fram bæði langtíma- og skammtímamarkmið sem stuðst er við í skipulagi sérkennslunnar og þau endurmetin reglulega. Með þessum hætti sinnum við þörfum allra barna á þeirra forsendum, virðing er borin fyrir einstaklingnum og öll börn fá nám við hæfi.